

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

*Háskóli Íslands, vestan Suðurgötu.*

Í samræmi við 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti borgarráð Reykjavíkurborgar þann 7. apríl 2011 breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð A3, á lóð HÍ vestan Suðurgötu. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Vættaborgir 15-25 og 27-35.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsstjóri Reykjavíkurborgar þann 1. apríl 2011 breytingu á deiliskipulagi Borgahverfis, A-hluta vegna lóðanna að Vættaborgum 15-25 og 27-35. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Þórsgata 15.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsstjóri Reykjavíkurborgar þann 25. mars 2011 breytingu á deiliskipulagi Þórsgöturéits vegna lóðarinnar að Þórsgötu 15. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsstjóri Reykjavíkurborgar, 3. maí 2011.*

**Ólöf Örvarsdóttir.**